

nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Árnessýslu um hlunnindi handa sparisjóði Skeiðahrepps. 73 18. júní

Eftir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dags. 20. apríl þ. á., vill stjórnarráðið hjermeð veita sparisjóði Skeiðahrepps um næstu 5 ár frá 1. júlí þ. á., hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um takmörk verslunarlóðarinnar í Dalvík. 75 18. júní

Með brjefum yðar, herra sýslumaður, dags. 15. apríl f. á. og 6. apríl þ. á., hafa hingað borist tillögur sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um takmörk verslunarlóðarinnar í Dalvík, sem með lögum nr. 48, 30. júlí 1909 varð löggiltur verslunarstaður, ásamt tillögum hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu verslunarlóð og uppdrætti af henni.

Útaf þessu er hjermeð svæði það, sem reisa má á verslunarhús í Dalvík, sett efrir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hjer segir:

Að norðvestan í flæðinni sker, þaðan garður suður Böggversstaðamóa að Djúpuklauf, þaðan lina austur eftir nyrðra barmi klaufarinnar austur á barðið vestan við flæðarnar, þaðan eftir því barði í norð-austur með Flæðatjörn og svo 140 fet í austur, með tjörninni og þaðan þvert yfir kambinn í sjó út; að norðan sjórin.

Jafnframt því að tjá yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á kostnað hrepps-sjóðs glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.